



Alþingi
Eyrindi nr. P 126/480
Komudagur 30.11.2000

ÍSLENSK MÁLNEFND

Allsherjarnefnd Alþingis
Þorgerður K. Gunnarsdóttir formaður
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík


28. nóvember 2000

Efni: Frumvarp til laga um dómtúlka og skjalapýðendur

Stjórn Íslenskrar málnefndar hefur ákveðið að áréttta við allsherjarnefnd ályktun stjórnarinnar frá 11. apríl 2000. Í þeirri ályktun, sem send var allsherjarnefnd 13. apríl 2000, var fjallað um lagafrumvarp um dómtúlka og skjalapýðendur sem lagt var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi, þskj. 766. Enda þótt hið nýja frumvarp um sama efni, sem nú liggur fyrir 126. löggjafarþingi, hafi tekið dálitlum breytingum verður ekki séð að komið hafi verið til móts við athugasemdir í fyrrnefndri ályktun stjórnar Íslenskrar málnefndar.

Stjórn Íslenskrar málnefndar telur að í frumvarpi til laga um dómtúlka og skjalapýðendur, sem lagt er fyrir Alþingi á 126. löggjafarþingi, þskj. 80, sé íslenskri tungu ekki gert nógu hátt undir höfði. Langt er frá að í frumvarpinu sé nægilega skýrt kveðið á um kröfur um vald á íslensku og ekki er þar kveðið á um neinar ráðstafanir til að sjá til þess að prófstjórnarmenn eða prófnefndarmenn eigi að baki háskólamenntun í íslensku.

Með vinsemd og virðingu


f.h. ÍSLENSKRAR MÁLNEFNDAR
Ari Páll Kristinsson

Afrit: Dómsmálaráðherra